

Yfirlýsing vegna starfsloka

Viðurlög vegna starfsloka samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar

Segi einstaklingur starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða missi hann starfið vegna ástæðna sem hann sjálfur á sök á skal hann ekki fá greiddar atvinnuleysisbætur í tvo mánuði frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur var móttækin, sbr. 54. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Enn fremur á hann ekki rétt á greiðslu tekjutengdra atvinnuleysisbóta, sbr. 32. gr. laganna.

Hafi einstaklingur áður sætt tveggja mánaðar biðtíma eftir greiðslu atvinnuleysisbóta skal hann ekki eiga rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir en að þremur mánuðum liðnum, sbr. 1. mgr. 56. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, ef framangreind tilvik eiga við í máli hans.

Hafi einstaklingur áður sætt þriggja mánaðar biðtíma eftir greiðslu atvinnuleysisbóta eða fengið greiddar atvinnuleysisbætur í 24 mánuði eða lengur á hann ekki rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir en hann hefur starfað í a.m.k. 24. mánuði á innlendum vinnumarkaði, sbr. 4. mgr. 54. gr. og 4. mgr. 56. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, ef framangreind tilvik eiga við í máli hans.

Með undirritun minni á yfirlýsingu þessa staðfesti ég að hafa lesið yfirlýsingu þessa, fengið upplýsingar um og er meðvitaður um **hugsanleg viðurlög sem ég kann að þurfa að sæta** vegna starfsloka minna hjá _____.

Með undirritun minni staðfesti ég að ég hafi lagt fram skýringar vegna framangreindra starfsloka og ég telji að í þeim megi finna fullnægjandi skýringar af minni hálfu vegna starfslokanna.

Undirskrift og kt. umsækjanda

Dagsetning og stimpill Vinnuálastofnunar